

UMSJÓN:
LÁRA GUÐRÚN
AGNARSDÓTTIR

NÆSTA VIKA

- Heimilisfræði næsta þriðjudag 7.september
- Sundkennsla verður fram eftir hausti
- Námsefnis - kynningin verður fimmtu-daginn 16.september
- Val byrjar í næstu viku
- Heimavinna og aðrar upplýsingar um hvern nemanda er hægt að nágast á Mentor

GÓÐAR ÁBENDINGAR

1. Nægur svefn
2. Vakna tímanlega
3. Skipulag
4. Hollur matur
5. Reglulegar máltíðir
6. Jákvæðni
7. Ekki bíða með heimanámið

Viðtalstími minn er á fimmtu-dögum kl 11:20-12:00 og eftir samkomulagi

Fréttabréf 10. bekkjar

I . B R É F

30. ÁGÚST - 3. SEPT. 2010

Fréttir síðustu viku

Engin kennsla fór fram í síðustu viku í unglingsdeild.

9. og 10. bekkur skelltu sér til Danmerkur þar sem nemendur hittu danska pennavini og dvöldu þar tvær nætur heima hjá þeim og þriðju nóttina, þar sem þau sváfu öll saman í íþróttahúsi skólans. Eftir þá nótt var haldið til Köben þar sem ýmislegt var gert og skoðað,

s.s.farið í Tívoli, skoðað Eksperimentarium safnið þar sem hægt var að prófa ýmis konar tilraunir, kíkja í búðir og sigla um síkin. Það var þreyttur en glaður hópur sem kom heim aftur aðfaranótt síðasta sunnudags.

Nú tekur aftur á móti undirbúningur fyrir samræmdu prófin sem fara fram í lok september.



Í skólabyrjum

Ég undirrituð hef fengið það hlutverk að vera umsjónakennari í 8.-10. bekk í vetur og eru það breytingar fyrir mig þar sem ég hef aðallega verið með umsjón á mið- og yngsta stigi.

Í þessu fréttabréfi ætla ég að reyna að fara yfir það sem hefur verið

gert í vikunni á undan, hvað er á döfinni og koma á framfæri tilkynningum ef einhverjar eru.

Fyrsta mánudag í hverjum mánuði verður heimilisfræði og verður fyrsta skiptið á næstkomandi

mánudag.

Í vetur ætla ég að vera reglulega með nemendaviðtöl og einnig verður kennd námstækni, þar sem áherslan verður lögð á skipulag og ýmis ráð til að bæta námsárangur nemenda.

Kveðja, Lára Guðrún